

**Nd.**

**293. Frumvarp**

til laga um hafnargerð á Akranesi.

(Eftir 2. umr. í Nd.).

1. gr.

Til hafnargerðar á Akranesi veitast úr ríkissjóði  $\frac{2}{3}$  kostnaðar, eftir áætlun, sem ríkisstjórnin hefur samþykkt, þegar fé er veitt til þess í fjárlögum, allt að kr. 480000 — fjögur hundruð og áttatíu þúsund krónur — gegn  $\frac{1}{3}$  frá hafnarsjóði Akraness.

2. gr.

Ríkisstjórninni veitist heimild til að ábyrgjast fyrir hönd ríkissjóðs allt að kr. 500000 — fimm hundruð þúsund króna — lán, er hafnarsjóður Akraness kann að fá til hafnargerðarinnar, gegn ábyrgð Borgarfjarðarsýslu. Tillagið úr ríkissjóði og ábyrgð ríkissjóðs er bundin því skilyrði, að yfirumsjón með verkinu og reikningshald sé falið manni, sem atvinnumálaráðuneytið samþykkir.

### 3. gr.

Sérhver er skyldur að láta af hendi mannvirki og land, er þarf til að gera höfnina, eða undir brautir og vegi í þarfir hafnarinnar, svo sem leyfa, að tekið verði í landi hans, hvort heldur er grjót, mól eða önnur jarðefni, og þola þær eignakvaðir, óhagræði eða takmörkun á afnotarétti, sem hafnargerðin hefir í för með sér, allt gegn því, að fullar bætur komi fyrir. Náist ekki samkomulag um bæturnar, skulu þær ákveðnar með mati tveggja dómkvaddra manna, að tilkvöddum báðum málsaðiljum. Kostnaðurinn við matið greiðist úr hafnarsjóði Akraness. Nú vill annarhvor málsaðili ekki una mati, og getur hann heimtað yfirmat, en gera skal hann það innan 14 daga frá því að matsgerð er lokið. Yfirmatið skal framkvæmt á sama hátt af 4 dómkvöddum mönnum. Kostnaðinn við yfirmatið greiðir sá, er þess hefir krafizt, ef matsupphæðinni verður ekki breytt meira en sem nemur 10% af hinni ákveðnu endurgjaldsupphæð, ella greiðist kostnaðurinn úr hafnarsjóði Akraness.

### 4. gr.

Hafnarmerki skulu vera: Frá Vestriflasartá um Syðriflasarenda í Þjórtarsker og þaðan sjónhending á vestanverðan Sólmundarhöfða.

### 5. gr.

Meðfram strandlengjinni umhverfis höfnina má ekki gera í sjó fram neina bryggju eða önnur mannvirki, né fylla upp eða dýpka út frá landi nema eftir tillögum hafnarnefndar og með samþykki hreppsnefndar Ytri-Akraneshrepps. Sá, sem vill gera eitthvert slíkt mannvirki, skal senda hafnarnefndinni beiðni um það, og skal beiðninni fylgja lýsing á því, svo og uppdráttur, ef með þykir þurfa í tvennn lagi, og heldur hafnarnefnd öðrn eintakinu. Hafnarnefnd afgreiðir síðan málið til hreppsnefndar.

Sá, sem fengið hefir slíkt leyfi, skal skyldur að halda mannvirkinu svo við, að engin hættu stafi af því.

Brot gegn þessari grein varða sektum, frá 20—500 kr., og hafnarnefnd getur látið nema burt mannvirkið á kostnað eiganda.

### 6. gr.

Hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps hefir á hendi stjórn hafnarmálefna undir yfirumsjón atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins.

### 7. gr.

Framkvæmd hafnarmála og eftirlit með höfninni skal fela hafnarnefnd. Í hafnarnefnd sitja 5 menn, 3 kosnir af hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps, en 2 af sýslunefnd Borgarfjarðarsýslu. Nefndarmenn skulu kosnir til 5 ára, og gengur 1 úr árlega, fyrstu 4 árin eftir hlutkesti. Að minnsta kosti 3 nefndarmenn skulu eiga heima í Akraneskaupþúni eða í nágrenni þess.

8. gr.

Eigum hafnarsjóðs má aðeins verja í þarfir hafnarinnar. Hreppssjóður ábyrgist skuldir hafnarsjóðs og hreppsnefndin hefir ábyrgð á eignum hafnarinnar.

9. gr.

Hreppsnefnd má ekki án leyfis ráðuneytisins selja eða veðsetja fasteignir hafnarsjóðsins, eða kaupa nokkrar nýjar fasteignir, taka stærri lán eða lán til lengri tíma en að þau verði borguð aftur af tekjum þess árs, sem fer í hönd, né endurnýja slík lán eða fresta borgunartímanum, og ekki heldur gera nein þau mannvirki við höfnina, sem eru svo stórvaxin, að árstekjurnar hrökkvi ekki til að koma þeim í framkvæmd.

10. gr.

Hafnarsjóður á allt það land innan hafnargarðs, sem nú flýtur yfir með stórstraumsflóði.

11. gr.

Til þess að standa straum af kostnaði við byggingu og viðhald hafnarvirkja og til árlegs rekstrarkostnaðar hafnarinnar er heimilt að innheimta gjöld þau, er hér segir:

1. Árlegt gjald af bryggjum og öðrum mannvirkjum, sem gerð eru samkv. 5. gr.
2. Af skipum og bátum, er hafna sig á Akraneshöfn, og farmi þeirra:
  - a. Lestagjald.
  - b. Vitagjald.
  - c. Vörugjald. — Undanskildar skulu þó vörur þær, er samkvæmt farmskrá skipsins eiga að fara til annara hafna á landinu, ef þær eru ekki settar á land.
  - d. Bryggjagjald af skipum, er leggjast við bryggjur hafnarinnar.
  - e. Festargjald af skipum, sem nota festar hafnarsjóðs.
  - f. Allt að 1% af andvirði afla þeirra skipa og báta, sem heimili eiga í kaптúninu og leggja þar afla á land eða hafa þar uppsátur.

Gjöld þessi, sem og gjöld fyrir afnot af öðrum eignum hafnarinnar, skulu ákveðin í reglugerð, sem hreppsnefnd Ytri-Akraneshrepps semur og atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið staðfestir, og skal í henni ákveða, hver skuli greiða þau og innheimta.

Herskip og skemmtiskip skulu undanþegin gjöldum til hafnarinnar samkv. tölul. 2 a, b. og c.

12. gr.

Nú má álita, að tekjur af gjaldstofnum þeim, sem heimilaðir eru í 11. gr., hrökkvi ekki fyrir árlegum útgjöldum hafnarinnar, og getur þá hreppsnefndin, með sérstöku samþykki atvinnumálaráðuneytisins fyrir hvert ár, ákveðið, að leggja megi aukatoll á aðflutningsgjaldskyldar og útflutningsgjaldskyldar vörur. Gjaldið má þó aldrei fara fram úr 4% af tolli þeim, er greiða ber í ríkissjóð. Gjald þetta innheimtir hafnarnefnd. Gjald þetta, sem og gjöldin samkv. 11. gr., má taka lögtaki.

13. gr.

Reikningsár hafnarsjóðs er almanaksárið.

14. gr.

Fyrir 1. nóvember ár hvert ber hafnarnefnd að leggja fyrir hreppsnefnd frumvarp til áætlunar um tekjur og gjöld hafnarinnar á komandi ári. Hreppsnefnd skal hafa fullsamið áætlunina fyrir lok nóvembermánaðar og senda hana síðan atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu til samþykktar fyrir árslok, ásamt nauðsynlegum skýringum á einstöku gjalda- og tekjuliðum.

15. gr.

Nú hefir hreppsnefnd i hyggju einhverjar meiri háttar aðgerðir við höfnina, eða hún vill gera einhverjar þær ráðstafanir, er samþykki atvinnumálaráðuneytisins þarf til, og skal hún þá senda ráðuneytinu sérstaka tillögu um það efni. Skal það gert svo tímanlega sem kostur er, að samþykki ráðuneytisins geti komið til áður en hún lætur fjárhagsáætlun hafnarinnar fara frá sér.

16. gr.

Komi það i ljós, þegar fram á árið liður, að óumflýjanlegt sé að sinna einhverjum aðgerðum utan áætlunar, eða fara fram úr áætludum fjárhæðum, ber hafnarnefnd að tilkynna það hreppsnefnd i tæka tíð. Fallist hún á tillögur hafnarnefndar, skal þegar leitað samþykkis ráðuneytisins til þess að vikja megi frá áætluninni. Fyrir má ekki framkvæma verkið né stofna til tekjuhalls.

17. gr.

Við lok hvers reikningsárs, og ekki síðar en fyrir febrúarlok, skal hafnarnefnd gera reikning yfir tekjur og gjöld hafnarinnar á hinu liðna ári, og efnahagsreikning hennar. Reikningana skal endurskoða og úrskurða á sama hátt og hreppsreikninga.

18. gr.

Að öðru leyti skal ákveða með reglugerð, er hreppsnefnd semur og ráðuneytið staðfestir, allt það, er lýtur að greiðri og hættulausri umferð um höfnina, góðri reglu og öðru höfninni viðvikjandi, er við þykir eiga. Í reglugerðinni má ákveða sektir fyrir brot gegn henni, 20–1000 kr.

Sektir samkvæmt lögum þessum renna i hafnarsjóð.

19. gr.

Með mál þau, sem rísa út af brotum gegn 5. gr. laga þessara og reglugerðum, sem settar verða samkvæmt þeim, skal fara sem almenn lög-reglumál.